

Sjálfsmatsskýrsla júní 2009

Þjórskóli

Inngangur

Á vordögum var lögð fyrir könnun meðal foreldra nemenda. Könnunin var send heim í töskupósti og henni fylgt eftir með tölvupósti til að efla skil. Nemendur eða foreldrar komu útfylltri könnun til skila til skólans/starfsmanna fyrir lok skólaársins. Ein könnun var send inn á hvert heimili þannig að foreldrar merktu við hvort barn/börn þeirra væru á yngsta, mið eða á báðum stigum. Í einhverjum tilvikum er merkjanlegur munur á svörum eftir því hvort nemendur eru á yngsta stigi eða miðstigi. Það getur gefið mikilvægar upplýsingar að skoða slíkar niðurstöður. Í heildina voru 32 heimili sem fengu könnunina senda og bárust 22 svör sem er 68,75% svörun. Könnunin er liður í sjálfsmati skóla og er gerð til að efla skólafarfið og bæta það í þágu allra.

Könnuninni var skipt í fjóra hluta, þ.e. viðhorf til skólans, skipulag kennslu, skólanámskrá og samskipti milli heimila og skóla.

Viðhorf til skóla

Viðhorf til skólans mældist jákvætt eða í góðu lagi í 77,3% tilvika, hlutlausir voru 18,2% en eitt heimili er neikvætt gagnvart skólanum.

Hvert er viðhorf þitt til skólans?

Mjög neikvætt	Nokkuð neikvætt	Hlutlaust	Í góðu lagi	Mjög jákvætt	Fj. svara	
0	0	1	4	2	7	1.-4. bekkur
0	1	2	5	1	9	5.-7. bekkur
0	0	1	4	1	6	bæði stig
0	1	4	13	4	22	Allir
	4,50%	18,20%	59,10%	18,20%	100,00%	


Í könnun sem gerð var í febrúar 2005 um viðhorf foreldra til skólans var niðurstaðan þannig:

	7%	5,3%	64,9%	22,8%	100,00%
--	----	------	-------	-------	---------

Breytingin er sú að það eru færri sem eru neikvæðir, en fleiri sem eru hlutlausir. Einnig fækkar þeim sem meta viðhorf sitt til skólans í góðu lagi eða mjög jákvætt úr 87,7% í 77,3%.


Foreldrar voru beðnir um að leggja mat á kennslu skólans í heild líkt og gert var í febrúar 2005. Árið 2005 var niðurstaðan sú að 10,3% töldu kennsluna í mörgu áfátt, 3,4% höfðu ekki skoðun, 67,2% töldu hana í góðu lagi og 19% að hún væri mjög góð.

Núna töldu yfir 77% foreldra að kennslan væri nokkuð góð eða mjög góð.



Nánast sama niðurstaða var þegar spurt var um hvort foreldrar teldu sig vera vel inni í námsefni barna sinna. Þar voru yfir 77% sem telja sig vera það að einhverju leyti. Fimm heimili telja sig vera mjög lítið inni í námsefni barnanna.

Aðspurð um hvernig foreldrar meti kennsluna í skólanum, telja 67% foreldra að hún sé fjölbreytt, tæpur fjórðungur er hlutlaus og 11% telja að kennslan sé fábreytt. Það er frekar í eldri hóp sem óttast er fábreytta kennslu. Einungis 18 heimili af 22 svöruðu þessari spurningu sem þýðir að það vantar skoðun 18% foreldra.



Til að mæta þessari svörun þarf skólinn í fyrsta lagi að efla upplýsingar til foreldra um hvað er í gangi og hvernig kennslan fer fram. Til stendur að umjónarkennarar sinni því og fái upplýsingar frá öðrum kennurum. Kennsluaðferðir hafa ekki verið til umræðu í foreldraviðtölum í 57% tilvika, en verið rædd í öðrum. Í ár stendur til að bæta úr því og leggja meira upp úr í haustviðtölum. Það verður gert þrátt fyrir að tveir foreldrar vilja ekki fá þessa umræðu inn í foreldraviðtölin.

Umsagnir foreldra um skólann almennt.

- Fínn skóli, allt í fína.
- Vil ekki missa skólann.
- Skógarkennsla gott framtak. Margir góðir hlutir í gangi.
- Spennandi stefna en kennarar ekki samhentir og alls ekki jákvæðir gagnvart vinnunni. Það smitar í börnin.
- Vantar meiri gleði og jákvæðni.

Umsagnir foreldra um skipulag kennslu

- Vantar upplýsingar til foreldra um kennsluaðferðir og hvað er gert í kennslustundum.
- Vantar frá kennurum hvað á að gera eða er gert,
- Vil sjá meira verklegt, leikræna tjáningu, útikennslu.
- Minnka bókarnotkun til að forðast leiða hjá ungum nemendum.
- Hafa heimanámið fjölbreyttara – ekki alltaf það sama. Væri tilbreyting að hafa stöðvavinnu í blönduðum hópum á yngsta stigi.
- Efla fjölbreytni í ritun og að æfa munnlega tjáningu – frásagnir.
- Markvissari stærðfræðikennslu í upphafi – æfa grunnatriðin betur.

- Sleppa heimanámi.
- Vantar metnað í kennara .
- Nota fjölbreyttari kennsluaðferðir og samræma aðferðir milli kennara og greina.

Skólanámskrá

Næsti kafli könnunarinnar fjallar um skólanámskrá Þjórsárskóla. Hér er spurt hvort foreldrar hafi kynnt sér skólanámskrá og starfsáætlun skólans sem er hluti skólanámskrár, og svo er kallað eftir skoðun foreldra á þessum gögnum.

Það kemur í ljós að 45% foreldra hafa ekki kynnt sér skólanámskrá skólans. Þetta eru 10 heimili. Nákvæmlega sama niðurstaða er fyrir starfsáætlun skólans. Það eru einungis rúmlega helmingur sem hefur kynnt sér hana.

Óskað var eftir því að þeir foreldrar sem hefðu kynnt sér skólanámskrá og starfsáætlun leggðu mat á gagnsemi þessara skjala. Einn svaraði spurningunni þrátt fyrir að hafa ekki kynnt sér skólanámskrána. Skemmst er frá því að segja að 97% telja sig hafa gagn af skólanámskrá. Næst var beðið um mat á einstökum þáttum skólanámskrár. Allir svarendur voru sáttir eða mjög sáttir við markmið, inntak náms og námsmat skólans. 92% voru sátt eða mjög sátt við starfshætti skólans en 18% voru ósátt. Enginn var mjög ósáttur. Eitt heimili eða 9% var ósátt við sérstöðu skólans á meðan aðrir voru sáttir/mjög sáttir. Sami fjöldi er á bak við þau 10% sem eru ósátt við aðstæður skólans og mat á skólastarfi. Í heildina eru yfir 90% sátt við skólanámskrá og áherslur skólans.

Þegar spurt var um einstaka þætti starfsáætlunar var niðurstaðan sú að allir svarendur sem höfðu skoðun á þessum þáttum voru sáttir við skólatíma og stoðþjónustu. 86% eru sátt/mjög sátt við skólatíma og viðburði en 14% eru ósátt/mjög ósátt. 79% eru sátt/mjög sátt við mótuneyti og félagslíf nemenda en 21% er ósátt/mjög ósátt. Að lokum eru 93% sátt/mjög sátt við skólareglur á meðan 7% er ósátt.

Niðurstaðan er að um 80% að lágmarki er sátt við námskrá og starfsáætlun skólans. Það er hins vegar áhyggjuefni að tæplega helmingur foreldra hefur ekki kynnt sér þessi gögn sem skólastarfið byggir á. Reynt verður að bæta það með því að koma almenna hluta skólanámskrár og sérstöðu skólans í betri tengingu við bekkjarnámskrár sem verða afhentar og ræddar í fyrsta foreldraviðtali nemenda að hausti.


Umsagnir foreldra um skólanámskrána

- Vantar hagnýtar upplýsingar á einn stað
- mættu vera fleiri viðburðir og almennt meira félagslíf með og án foreldra.
- Samræma skólatíma við Flúðir.

- Bæta gæslu í frímínútum – ath. fóboltavöll.
- Vantar ítarlegt yfirlit yfir skólaakstur.
- Fann ekki gögn á mentor og skoðaði ekki heimasíðu.

Samskipti milli heimila og skóla

Fyrsta spurning í þessum kafla var um hvort foreldrar teldu sig nægilega vel upplýsta um það sem fram fer í skólanum. Svörin segja okkur að svo sé ekki, því rúmlega helmingur foreldra telja sig ekki nægilega vel upplýsta.



Hefð hefur verið fyrir því að halda kynningarfund að hausti fyrir alla foreldra skólans þar sem rædd eru almenn mál skólans sem viðkoma öllum. Þegar spurt er um aðsókn á þessa fundi kemur í ljós að tæplega 24% koma ekki eða sjaldan á slíka fundi, 43% koma stundum eða oft, en einungis 33% mæta alltaf. Það er því stór hluti foreldra sem skólinn nær ekki til ef miðað er við kynningarfundir sem upplýsingagjafa.



Í upphafi þessa skólaárs verður reynt nýtt fyrirkomulag þar sem foreldraviðtal verður ítarlegra og gefinn meiri tími til að ræða við hvert foreldri og barn.

Í könnuninni var beðið um að fólk merkti við frá 1-5 við þá upplýsingamiðla sem það nýtti til að afla upplýsinga um skólastarfið. Þessi svörun misfórst, þannig að sumir merktu við 1-5 á meðan aðrir settu nokkra krossa við það sem þeir nýttu sér. Ákveðið var því að sýna niðurstöðuna með fjölda á hvern upplýsingamiðil.

Hvaða samskiptamáta nýtir þú til að fá upplýsingar um skólastarfið?

Heimasíða Hreppsins	2
Heimasíða skólans	11
Mentor	17
Símtöl	10
Foreldraviðtal	15
Samræður við barn	20
Samræður við aðra foreldra	7
Annað	3

Hér sést að oftast eru það samræður við barn sem gefa upplýsingar inn á heimilin, fast á eftir er mentor og svo foreldraviðtölin. Ef svörin eru skoðuð er mentor ekki í fyrstu sætunum og því ekki eins góður upplýsingamiðill og til stóð að hann yrði. Aðspurð um notkun á mentor sérstaklega þá kemur í ljós að einungis 28% skoða upplýsingar á mentor tvisvar í viku eða oftár. Aðrir fara sjaldnar inn á mentor. Foreldraviðtölin eru eingöngu tvisvar á vetri en geta verið mjög góð ef vel tekst til í upphafi. Heimasíða skólans kemur nokkuð sterkt inn en þegar skoðuð eru svörin um notkun á henni þá kemur í ljós að 67% skoða hana ekki reglulega eða það sjaldan að hún gagnast ekki sem traustur upplýsingamiðill. 33% foreldra skoða heimasíðu skólans vikulega eða oftár.

Þegar nánar er spurt út í upplýsingaflæði til heimila kemur í ljós að flestir vilja tölvupóst, fá upplýsingar í gegnum heimasíðu og með töskupósti. Símtöl eru sígild, sérstaklega þegar málið varðar einstaka nemendur.

Hvaða upplýsingamiðill hentar þér til að fylgjast með skólastarfinu?

Heimasíða	16
töskupóstur	15
tölvupóstur	20
símtöl	14
sms	10
fréttabréf hreppsins	10
annað	7

Undir liðnum annað þá kom ein athugasemd um að tölvupóstiur og heimasíða væri nóg á meðan annað foreldri vildi kompuna aftur. Ein tillaga var um fréttabréf skólans og svo önnur um upplýsingar frá umsjónarkennara um það sem var gert og lýsing á því sem er á döfinni í hópnum.

Umsagnir foreldra um samskipti heimila og skóla

- Í foreldraviðtölum og á foreldrafundum ætti að skoða námsefni vetrarins og leggja fram heildstæða áætlun um hvað er unnið og tekið fyrir.
- Fá upplýsingar um hvað er gert í skólanum, upplýsingar frá umsjónarkennara.
- Að starfsfólk bæti jákvæð samskipti sín á milli.
- Setja t.d. ákveðna daga sem foreldrar koma í skólann.
- Ef kompan er tekin upp, verða samskipti öruggari/auðveldari. Nota hana líka fyrir heimanám.
- Senda skilaboð/tölvupóst heim nokkrum dögum áður en viðburðir eru. Efla upplýsingaflæði til foreldra með góðum fyrirvara um breytingar.
- Foreldrar þurfa líka að sækja upplýsingar.
- Hrósa öllu sem vel er gert.

Lokaorð

Ljóst er að könnun sem þessi getur gefið mikilvægar upplýsingar um hvernig skólinn virkar út í samfélagið og inn á heimilin. Starfsmenn skólans þurfa að vinna úr þeim athugasemdum sem fram komu

og bæta það sem mögulegt er. Þó nokkur atriði hafa nú þegar fengið umfjöllun og umræðu innan skólans og ákveðnar hafa verið nýjungar á nokkrum sviðum. Má þar nefna kynningarfund/foreldraviðtöl að hausti, samræmda töflu milli skóla, upplýsingaflæði til heimila og upplýsinga almennt um skólastarfið. Enn er eftir að vinna úr ýmsum þáttum könnunarinnar og nýta niðurstöðurnar til að efla skólastarfið.

Árnes, 1. september 2009.

Ingibjörg María Guðmundsdóttir
skólastjóri Þjórsárskóla